

Ed.

422. Frumvarp til laga

[232. mál]

um breytingu á lögum nr. 95 20. desember 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatakjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsg., er verði 2. mgr. og orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatakjum voru samþykkt var notkun annarra geislatækja en þeirra er framleiða jónandi geisla mjög lítil og skaðsemi slíkrar geislunar lítt rannsökuð. Síðan hefur notkun þessara geislatækja aukist mjög, bæði innan læknisfræðinnar svo og á öðrum sviðum. Ennfremur hefur greinilega komið í ljós, að geislun frá þessum tækjum getur haft í för með sér skaðleg áhrif og er því nauðsynlegt að hafa með þeim eftirlit af hálfu hins opinbera. Má sem dæmi nefna svonefnda sólarlampa, en notkun þeirra getur haft í för með sér augnskaða og talið er að hún geti ennfremur aukið líkurnar á húðkrabbameini ef ekki er um fyllstu aðgæslu að ræða.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er flutt að höfðu samráði við Geislavarnir ríkisins og landlæknisembættið og er með því lagt til að heimilað verði að láta ákvæði 1. gr. l. 95/1962 ná yfir önnur geislatæki en þau sem framleiða jónandi geisla. Þannig yrði t. d. unnt að krefjast leyfis til innflutnings annarra tækja en þeirra er framleiða jónandi geisla og að koma á eftirliti með slíkum tækjum. Markmiðið með þessari breytingu er að taka upp eftirlit með innflutningi og notkun geislatækja er framleiða útfjólubláa geisla (sólarlampa) og að jafnframt verði kleift að hefja eftirlit með innflutningi og notkun annarra sambærilegra geislatækja eftir því sem nauðsynlegt þykir. Ætlast er til að eftirlit skv. lögum nr. 95/1962 sé að ákveðnum hluta kostað af sértekjum, þ. e. a. s. með skoðunargjöldum, og er ekki ætlunin að breyta því hér.

Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framangreindra breytinga verður óhjákvæmilega einhver í **upphafi** vegna tækjakaupa og annars undirbúnings, en öðrum rekstrarkostnaði Geislavarna vegna þessa eftirlits verður mætt með skoðunargjöldum.

Athygli skal vakin á því, að hliðstætt eftirlit er þegar hafið á öðrum Norðurlöndum, og unnið að gerð norrænna reglna á þessu sviði.

Aðrir geislar en jónandi tákna hér þær rafsegulbylgjur sem ekki eru nægilega orkumiklar til að geta valdið hleðslubreytingum (jónun) í því efni sem þær falla á. Sem dæmi um slíka geislun má nefna (eftir aukinni orku):

Örbylgjur, t. d. örbylgjuofnar,
innrauð geislun, t. d. gigtarlampar,
útfjólublá geislun, t. d. sólarlampar.

Þessi geislun veldur fyrst og fremst upphitun þess efnis sem hún fellur á, og er oft kölluð einu nafni hitageislun.

Þær rafsegulbylgjur, sem hafa nægilega orku til að geta valdið jónun í því efni, sem þær falla á, kallast einu nafni jónandi geislun; sem dæmi má nefna röntgengeislun.

Því má segja að heisti munurinn á þessum tveim geislategundum sé sá hversu mikla orku þær bera og hvernig þær missa þessa orku til þess efnis, sem geislunin fellur á. Röntgengeislar, sem eru jónandi, eru það orkumiklir að þeir fara greiðlega í gegnum mannslíkamann og geta valdið erfðafræðilegum breytingum.

Útfjólubláir geislar, sem eru ekki jónandi, eru hins vegar ekki það orkumiklir að þeir komist í gegnum húðina en geta eigi að síður valdið skaða.